

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<b>Tollnúmer: Nautgripkjöt - vöruliðir 0202 og 0210:</b>		95.000		
0202.3xxx Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst - <b>Tollnúmer: Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað, þurrkað eða reykt:</b>	01.07.04 - 30.06.05		0	547
0210.2001 Beinlaust	01.07.04 - 30.06.05		0	333
<b>Tollnúmer: Svínakjöt - vöruliðir 0203 og 0210:</b>		64.000		
0203.29xx Svínakjöt, fryst: <b>Úr tollnr.: Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reykt:</b>	01.07.04 - 30.06.05		0	443
0210.1200 Slög og sneiðar af þeim, beinlaust	01.07.04 - 30.06.05		0	317
<b>Tollnúmer:</b>				
0210.1901 Reykt - beinlaust	01.07.04 - 30.06.05		0	360
<b>Úr tollnr.:</b>				
0210.1909 Annars - beinlaust	01.07.04 - 30.06.05		0	360
<b>Úr tollnr.: Kjöt af alifuglum - vöruliður 0207:</b>		59.000		
<b>Úr tollnr.: Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus:</b>				
0207.1xxx Af hænsnum, fryst	01.07.04 - 30.06.05		0	163
<b>Úr tollnr.: Af kalkúnum:</b>				
0207.2xxx Af kalkúnum, fryst	01.07.04 - 30.06.05		0	224
<b>Úr tollnr.: Af öndum, gæsnum eða perluhænsnum:</b>				
0207.3xxx Af öndum, gæsnum eða perluhænsnum, fryst	01.07.04 - 30.06.05		0	224
<b>Annað kjöt, fryst - vöruliður 0208:</b>				
<b>Tollnúmer: Hreindýrakjöt</b>		9.000		
0208.9007 Beinlaust hreindýrakjöt, fryst	01.07.04 - 30.06.05		0	515
0208.9008 Hreindýrakjöt með beini, fryst	01.07.04 - 30.06.05		0	515
<b>Tollnúmer: Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, fryst</b>		6.000		
0208.9001 Dúfur	01.07.04 - 30.06.05		0	547
0208.9002 Fasanar	01.07.04 - 30.06.05		0	547

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0208.9003 Dádýr	01.07.04 - 30.06.05		0	547
<i>Úr tollnr.:</i>				
0208.9009 Annars - Lynghænur og strútar, fryst	01.07.04 - 30.06.05		0	547

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt reglugerð nr. 416/2002, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

### 4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar. Tilboð skulu ráða úthlutun.

### 5. gr.

Heimilt er að endurúthluta tollkvótum hafi handhafi þeirra ekki sótt heimildabréf fyrir 31. ágúst 2004 eða lagt fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu tollkvótans, hafi tilboð ráðið úthlutun. Handhafi tollkvóta á þá ekki endurkröfurétt á ríkissjóð.

### 6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2005.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 10. maí 2004.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*